



## Fundargerð

423. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,  
Mánudaginn 4. júní 2018 kl. 16.30, aukafundur.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson oddviti (VP), Karl Kristjánsson (KK) varaoddviti, Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB) og Rebekka Eiríksdóttir (RE) í forföllum Áslaugar Bertu Guttormsdóttur. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 2 blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, engin mál bárust, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu

#### 1. 1805026 - Ársreikningur Reykhólahrepps og fyrirtækja 2017.

Fyrri umræða.

Lagður er fram ársreikningur Reykhólahrepps og fyrirtækja vegna ársins 2017.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 596 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 455,4 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52%, sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A -flokki nam 0,5% sem er lögbundið hámark þess, í B -flokki nam álagningarhlutfall 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C -flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark þess með álagi.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 69,4 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 44,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi.

Heildareignir sveitarfélagsins námu 696 millj. kr. og heildarskuldir 179,2 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 516,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 430,7 millj. kr.

*Ársreikningi vísað til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.*

#### 2. 1805025 - Umsókn um rekstrarleyfi til handa Vilborgu Ásu Fossdal kt. 301070-5439 vegna rekstur veitingastaðar í flokki II að Hellisbraut 72.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis umsóknar Vilborgar Ásu Fossdal kt 301070-5439 um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II að Hellisbraut 72 (Hólabúð), með fyrirvara um jákvæða umsögn slökkviliðsstjóra sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:15.

---

---

---

---

---

---